

REGLUGERÐ

fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands.

I. KAFLI

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Ríkið rekur skóla í sambandi við aðalfávítahæli ríkisins. Skólinn heitir Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að mennta fólk til þess að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun vangefinna á Íslandi.

3. gr.

Heilbrigðismálaráðherra skipar stjórn skólans þannig: Einn samkvæmt tillögu Þroskaþjálfafélags Íslands, tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður skólastjórnar, og einn samkvæmt tillögu nemendafélags skólans. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda, sem skipaður er árlega.

Skólastjóri skólans hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjórn.

II. KAFLI

Inntaka nemenda í skólann.

5. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru:

1. Umsækjandi skal ekki vera yngri en 18 ára.
2. Umsækjandi skal hafa lokið gagnfræðaprófi, landsprófi miðskóla eða hlotið hliðstæða menntun. Skólastjórn er heimilt að ákveða lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.

Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um skólavist.

3. Umsækjandi má ekki hafa næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum getur stafað hættu af, eða orðið honum til trafala í námi og starfi.
4. Umsækjandi skal hafa góða framkomu og óspillt siðferði. Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eftir umsögn skólastjóra.

6. gr.

Umsóknir um skólavist skal senda skólastjóra.

Umsókn skal fylgja:

- a) Staðfest afrit af prófskírteini.
- b) Læknisvottorð.
- c) Sakavottorð.
- d) Meðmæli. (Frá vinnuveitanda, skólastjóra eða öðrum.)

III. KAFLI

Námstími og námsefni.

7. gr.

Námstími skólans skal vera 2½ ár, þar með talin skólaleyfi.

8. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóknámið fer fram í námskeiðum. Verknámið fer fram á aðalfávítahæli ríkisins og öðrum skyldum stofnunum eftir því, sem um verður samið af skólastjórn.

9. gr.

Námið hefst 1. október með bóknámskeiði, sem stendur í 5 vikur. Kenna skal í 4 vikur, og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Barnasálarfræði (stutt yfirlit yfir heilbrigða þróun barnsins) ..	16	stundir
Undirstöðuatriði um vangefni	16	—
Námsleiðbeiningar	4	—
Siðfræði	6	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	18	—
Heilsufræði og heilsuvernd	18	—
Hjúkrunarfræði	12	—
Hjálp í viðlögum	8	—
Félagsfræði	8	—
Föndur	8	—
Músik	8	—

Alls 122 stundir

Til upprifjunar

4 —

Til prófa

8 —

Samtals 134 stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í barnasálarfræði, undirstöðuatriðum um vangefni, líffæra- og lífeðlisfræði, heilsufræði og heilsuvernd.

Annað bóknámskeiðið fer fram, þegar nemandi hefur lokið fyrsta verknáms-tímabilinu, sem nær yfir um það bil 4 mánuði, frá fyrri hluta nóvember til febrúar-loka, en sá tími er reynslutími af beggja hálfu. Ákvörðun af hálfu skólans við lok reynslutíma tekur skólastjóri, að fenginni umsögn viðkomandi forstöðumanns, ef nemandi hefur starfað á reynslutímanum á annarri stofnun en aðalfávítahæli ríkis-ins. Námskeiðið stendur í 11 vikur. Kenna skal í 10 vikur, og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Barnasálarfræði	10	—
Almenn uppeldisfræði	10	—
Sálarfræði (Almennur inngangur, atferðisvakar, dulvitund, sefjun og fl. skylt, sálgerðir, heilbrigð og afbrigðileg greind) ..	40	—
Umgengni við vangefna m. siðfræði	10	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar og ritgerðir o. fl.	14	—
Þjálfun í talkennslu	20	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	40	—
Heilsufræði og heilsuvernd	10	—

Sjúkdómafræði (Algengir sjúkd., smitsjúkd., undirstöðuatriði um fávitasjúkd. og orsakir m. lyfjafræði)	20	—
Lyfjafræði og meðferð lyfja	10	—
Næringarefnafræði	10	—
Hjúkrunarfræði (Bókleg, verkleg og sýnikennsla, meðferð barna og gamalmenna)	30	—
Starfsstillingar	10	—
Félagsfræði	20	—
Föndur	20	—
Músik m. rytmik	20	—
	Alls	304 stundir
Til upprifjunar	6	—
Til prófa	12	—

Samtals 322 stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í barnasálarfræði, sálarfræði, líffæra- og lífeðlisfræði, heilsufræði og heilsuvernd, sjúkdómafræði og hjúkrunarfræði.

Þriðja bóknámskeiðið fer fram, er nemandi hefur lokið öðru verknámstímabilinu, sem nær yfir um það bil 7 mánuði, frá síðari hluta maí til byrjunar janúar-mánaðar.

Í öðru verknámstímabilinu er sumarleyfi innifalið.

Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur. Kenna skal í 7 vikur og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Sálarfræði (Nám, minni, gleymaska og skyld efni. Starf og þreyta, starfsval m. tilliti til vangefinna)	21	stundir
Geðvernd (Taugaveiklun, geðvilla o. fl. m. hliðsjón af uppeldi og mannlegum samskiptum)	14	—
Umgengni við vangefna og uppeldi m. siðfræði	14	—
Námsleiðbeiningar, fyrirlestrar, ritgerðir o. fl.	13	—
Athugun og þroskamát	7	—
Uppeldisfræði, sögulegt yfirlit	7	—
Líffæra- og lífeðlisfræði	21	—
Heilsufræði og heilsuvernd	7	—
Sjúkdómafræði. (Algengir sjúkd., geðsjúkd. sjúkd. í taugakerfi, fávitasjúkd. og orsakir m. lyfjafr.)	28	—
Lyfjafræði	7	—
Næringarefnafræði og sérfræði	7	—
Hjúkrunarfræði	14	—
Heimilisfræði	14	—
Deildarstjórn	7	—
Dagbókarfærslur og skýrslugerðir	7	—
Föndur	14	—
Músik m. rytmik	14	—
	Alls	216 stundir
Til upprifjunar	6	—
Til prófa	12	—

Samtals 234 stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í sálarfræði, geðvernd, umgengni við vangefna og uppeldi, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdómafræði og hjúkrunarfræði.

Fjórða bóknámskeiðið fer fram, er nemandi hefur lokið þriðja verknámstímabilinu, sem stendur yfir í um það bil 8 mánuði, frá fyrri hluta marz til fyrstu viku nóvembermánaðar.

Sumarleyfi er innifalið í þriðja verknámstímabilinu.

Námskeiðið stendur í 6 vikur. Kenna skal í 5 vikur, og einni viku skal varið til upplesturs og prófa.

Kenndar skulu eftirfarandi námsgreinar:

Uppeldis- og barnasálarfræði	15 stundir
Sálarfræði (Maður og samfélag og skyld efni)	15 —
Geðvernd	20 —
Uppeldi á stofnunum	10 —
Námsleiðbeiningar	6 —
Líffæra- og lífeðlisfræði	15 —
Heilsufræði og heilsuvernd	15 —
Sjúkdómafræði (Fávitasjúkd., geðsjúkd.)	20 —
Lyfjafræði	5 —
Næringarefnafræði og sjúkrafæði	5 —
Deildarstjórn	5 —
Dagbókarfærslur og skýrslugerðir	5 —
Föndur	10 —
Músik með rytmik	10 —

Alls 156 stundir

Til upprifjunar

8 —

Til prófa

16 —

Samtals 180 stundir

Í lok námskeiðsins skal prófað í uppeldis- og barnasálarfræði, geðvernd, líffæra- og lífeðlisfræði, heilsufræði og heilsuvernd, sjúkdómafræði, lyfjafræði, næringarefnafræði og sjúkrafæði. Auk áður talinna námsgreina skal kenna varnargrip í 20 stundir og verja a. m. k. 20 stundum til heimsókna á aðrar stofnanir á náms-tímabilinu.

Alls skulu kenndar um 910 stundir.

IV. KAFLI

Próf og einkunnir.

10. gr.

Próf fara fram í lok námskeiða í öllum aðalgreinum skólans samanber 9. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 og upp í 10. Til þess að standast lokapróf skólans þarf einkunnina 5 í aðaleinkunn. Sama gildir um próf í lok námskeiða og einkunn fyrir verknám.

11. gr.

Heilbrigðisráðuneytið skipar prófdómara í aðalnámsgreinar skólans, að fengnum tillögum skólastjórnar.

12. gr.

Verknámið skal skipulagt þannig, að nemendur læri á hinum ýmsu deildum fávitahæla.

Að lokinni námsdvöl á sérhverri deild, fær nemandinn einkunnir eða vitnisburð, sem deildarþroskaþjálfí gefur.

13. gr.

Að loknu námi skal nemandi hljóta prófskirteini og starfsheitið þroskaþjálfí með þeim réttindum og skyldum, er því fylgir lögum samkvæmt.

V. KAFLI**Laun og kjör nemenda.****14. gr.**

Laun skulu nemendur taka sem hér segir: Fyrsta árið 40% af launum þroskaþjálfí, annað árið 50% og síðustu 6 mánuðina 75%.

Veikindaleyfi skal vera 30 dagar og sumarleyfi 7 vikur alls.

VI. KAFLI**Um rekstur skólans.****15. gr.**

Kostnaður við rekstur þroskaþjálfaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði. Þó skulu þau fávitahæli, vistheimili eða dagheimili, sem hafa nemendur í verknámi, greiða þeim laun þann tíma.

16. gr.

Heilbrigðismálaráðuneytinu er heimilt að fela skrifstofu ríkisspítalanna eða öðrum aðila að sjá um fjárreiður skólans.

VII. KAFLI**Framhaldsnám.****17. gr.**

Skólanum skal heimilt að fenginni sérstakri fjárveitingu að veita framhaldsmenntun í uppeldi og þjálfun vangefinna.

VIII. KAFLI**18. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda eins fljótt og við verður komið samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1971.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.